

Ungsveit SÍ 2024

Hljómsveitarnámskeið Ungsveitar Sinfóníuhljómsveitar Íslands 2024 stendur frá mánudeginum 16. september til sunnudagsins 29. september 2024. Verkefni Ungsveitarinnar að þessu sinni er Sinfónía nr. 9 frá Nýja heiminum eftir **Dvorák** og Fanfare for the Common Man eftir **Copland** undir stjórn **Nathanaël Iselin**. **Nathanaël** er fyrrum staðarhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar, stjórnaði Ungsveitinni á síðasta námskeiði og hefur átt farsælt samstarf með Sinfóníuhljómsveitinni í fjölbreyttum verkefnum af ýmsum toga.

Hljómsveitarnámskeiðinu lýkur með glæsilegum stórtónleikum í Eldborg, Hörpu, sunnudaginn 29. september kl. 17:00.

Prufuspil verða haldin í Hörpu **18., 19. og 20. mars nk.**

Raddæfingar að vori fyrir allar deildir **verða haldnar í Hörpu vikuna 13. – 17. maí nk.**

Tuttiæfingar að vori fara fram **21. og 22. maí** í Hörpu.

Allir nemendur þurfa að sækja um til að leika með hljómsveitinni, líka þeir sem spiluðu með síðast. Hægt verður að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu SÍ frá og með mánudeginum 22. janúar. Umsóknarfrestur er til miðnætis 22. febrúar.

Umsækjendur fá staðfestingu á að umsókn hafi verið móttækin. **Prufuspilspartar verða sendir út til nemenda í tölvupósti við fyrsta tækifæri eftir að umsókn hefur borist en prufuspilstímar verða sendir öllum umsækjendum eftir að umsóknarfrestur rennur út.**

Sérstök prufuspil verða haldin um stöðu konsertmeistara. Hver umsækjandi þarf að leika fyrsta þátt úr fiðlukonsert nr. 3, 4 **eða** 5 eftir W.A. Mozart, ásamt kadenzu. Leikið er án píanómeðleiks.

Þeim sem **ekki** geta mætt í prufuspilið er bent á að **senda inn myndbandsupptöku með hljóði í góðum gæðum á neðangreint netfang. Myndbandið á að vera tekið í einni töku. Ekki er hægt að sækja um konsertmeistarastöðu með innsendu myndbandi.** Dómnefnd getur farið fram á að hljóðfæraleikari sem sendir inn myndband verði látin leika um sæti innan sinnar deildar að hausti.

Nemendum sem standast prufuspil verður boðið sæti í Ungsveit SÍ 2024 og þurfa þeir **við upphaf námskeiðsins að greiða 15.000 kr. skráningargjald sem er óafturkræft.**

Vinsamlegast athugið að Ungsveit SÍ er aðallega hugsuð sem vettvangur fyrir samspil nemenda sem lokið hafa miðprófi hið minnsta. Samkeppni er um sæti í Ungsveitinni og þess vegna er lyklatríði að öll komi vel undirbúin til leiks.

Námskeiðið í ár stendur yfir í hálfan mánuð auk raddæfinga að vori.

Nauðsynlegt er að allir þátttakendur kunnir sínar raddir mjög vel þegar mætt er til leiks á fyrstu æfingu að hausti þar sem æfingaáætlun Ungsveitarinnar er mjög þétt. Æfingaáætlun Ungsveitar er unnin í samvinnu við MÍT (Menntaskóla í tónlist) og munu nemendur skólans fá frí til að stunda æfingar Ungsveitarinnar þar sem æfingatími sveitarinnar og stundaskrá skólans skarast. **Þeir nemendur sem taka þátt í starfi Ungsveitarinnar skuldbinda sig til að mæta á allar æfingar hennar. Engin leyfi eru veitt.**

Upplýsingar um Ungsveit SÍ 2024 veitir

Hjördís Ástráðsdóttir, fræðslustjóri

Sími 5452504/8988934

hjordis.astradsdottir@sinfonia.is